

Skipulag

Til : Ólafur Melsted
Frá : steypa@simnet.is
Heiti : Skipulag
Málsnúmer : 201604343
Málsaðili : Selá ehf.
Skráð dags : 23.03.2017 20:31:49
Höfundur : steypa@simnet.is

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

B. t. Ólafur Melsted

Þverholti 2

23 mars 2017

Efni : Breytingar deiliskipulags vegna Leirvogstungu 47-49

Fyrst er spurningin: Hvers vegna? Hvers vegna ætti að breyta þessari fallegu götummynd fimm nettra einbýlishúsa? Þúið er að reisa tvö af þeim og þriðja að fara af stað. Aðilarnir sem sækja um þessa breytingu eru þegar búnir að reisa eitt hús í þessari götulínu, og voru áður búnir að sækja um að breyta lóð nr 49 í parhúsalóð á þeirri forsendu að óhagkvæmt væri að byggja stór einbýlishús og lítil eftirspurn væri eftir stórum einbýlishúsum. Því var sem betur fer hafnað. En nú sækja þeir um að breyta lóðunum í raðhús. En þessir aðilar eru nú þegar búnir að byggja og selja nokkur nett einbýlishús í hverfinu með góðum árangri. Því er það tóm vitleysa að ekki sé eftirspurn eftir nettum einbýlishúsum í hverfinu. Og væru þetta arfavitlaus skilaboð til allra sem eru með samliggjandi einbýlishúsalóðir, að ekkert mál væri að breyta þeim í eitthvað annað. Að mínu áliti er skipulag fyrir bæinn og íbúana þar en ekki fyrir verktaka, og þarf góðar og gildar ástæður til breytinga á gildandi skipulagi.

Með kveðju Ottó Þorvaldsson íbúi í hverfinu.